# REYKJAVÍKURBORG, ELLIÐAÁRDALUR BREYTING Á DEILISKIPULAGI VEGNA GÖNGU– OG HJÓLABRÚA VIÐ GEIRSNEF




**HLUTI AF GILDANDI DEILISKIPULAGI**
Samþykkt í Borgarráði dags. 10.05.1994, Mkv. 1:3000




**TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI**
Mkv. 1:3000

## GREINARGERÐ OG FORSENDUR

**UM SVÆÐIÐ OG GILDANDI SKIPULAG:** Elliðaárdalssvæðið er á náttúruminjaskrá og nýtur borgarverndar þess náttúrufars og útivistarmöguleika sem þar eru. Innan svæðisins alls eru mikilvægir útivistarþættir stundaðir á félagslegum grundvelli, t.d. laxveiði, íþróttir, hestamennska og á Geirsnefi er eina sérstaka athafnasvæði hundaeigenda í Reykjavík. Þar er komin hefð á viðrun hunda og eini staðurinn innan byggðar í Reykjavík þar sem hafa má lausa hunda og er töluverð notkun á svæðinu. Ákveðin svæði í dalnum hafa verið skipulögð með vissar þarfir í huga en meirihluti dalsins er hins vegar óhreyft náttúrulegt land af fjölbreytilegri gerð.

Deiliskipulag Elliðaárdals er hluti forsenda við gerð deiliskipulagsbreytingarinnar, en þar er fjallað um framtíðarsefnu dalsins varðandi uppbyggingu, verndun og landnotkun á skipulagslagssvæðinu. Deiliskipulag Elliðaárdals var samþykkt í skipulagsnefnd 06.12.1993, Borgarráði 10.05.1994 og Borgarstjórn 19.05.1994. Deiliskipulagsbreyting þessi er í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar eins og hún birtist í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, en þar er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota: ***3.1.9.1. Á opnum svæðum til sérstakra nota er gert ráð fyrir útivistariðkun af ýmsum toga og mannvirkjagerð í tengslum við útivistarnotkun á svæðinu***. Aðalskipulagið gerir jafnframt ráð fyrir stofnstíg sem þvera muni báðar kvíslar Elliðaáa. Í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið er einnig gert ráð fyrir stofnstíg sem liggur eftir strandlengju Geirsnefns en ekki umræddum brúarmannvirkjum.

**HJÓLREIÐAÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR:** Með samþykkt borgarstjórnar á nýrri hjólreiðaáætlun þann 02.02.2010 var lagður grunnur að neti hjólastíga í borginni. Hluti þess nets er tenging frá Ártúnshöfða og Grafarvogi um nýja göngu- og hjólaleið yfir Elliðaárvog um norðurenda Geirsnefs. Umferð hjólandi yfir Elliðaár er mikil og mun aukast með tilkomu fyrirhugaðra brúa. Ný leið mun stytta vegalengd hjólandi og gangandi milli Grafarvogs og miðborgar um 0,7 km og mun leiðin jafnframt auka gildi Geirsnefs sem útivistarsvæðis. Eitt helsta markmið hjólreiðaáætlunar er að reyna skapa umhverfi sem hvetur til hjólreiða þannig að Reykjavík verði góð hjólaborg. Samkvæmt áætluninni skal stefnt að aðskilnaði gangandi og hjólandi umferðar á meginleiðum í borginni með það í huga að stuðla að bættu umferðaröryggi og til að gera leiðir greiðari.



**MYNDIR AF VETTVANGI**

## TILLAGA

Í tengslum við brúarmannvirkin hefur Reykjavíkurborg efnt til tveggja þrepa samkeppni um göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa, útlit þeirra og hönnun ásamt stígum að þeim. Tilgangur samkeppninnar er að fá fram frjóar og áhugaverðar og raunhæfar hugmyndir um nýja göngu- og hjólaleið yfir Elliðarárósa og í framhaldi af því að velja tillögur til nánari útfærslu, þar sem stefnt er að því að semja við höfunda verðlaunatillögu um endanlega úfærslu til útboðs.

Í tillögu að breyttu deiliskipulag er gert ráð fyrir tveimur göngu- og hjólabrúm yfir Elliðaár sbr. kemur fram hér að ofan. Staðsetning brúnna er á móts við norðanvert Geirsnef þar sem áin rennur í tveimur kvíslum. Á Geirsnefi er gamall urðunarstaður sem starfræktur var á árunum 1960-1967, og er staðurinn syðst á Geirsnefi á móts við Sævarhöfða 2. Eftir 1967 var svæðið áfram notað sem moldartippur, þ.e. á því svæði sem fyrirhuguðum brúm er ætlaður staður. Stígar sem liggja að brúnum eru tvískiptir, annars vegar 3,0 metra göngustígur og hins vegar 2,5 metra hjólastígur. Stígarnir tengja brýrnar við núverandi stígakerfi við Elliðarárósa. Brúargólfið skal vera í einum fleti og áætlað er að breidd á brúargólfi (milli handlista) skuli vera 4,5m og þarf að aðlaga stíga að breidd brúnna sbr. því sem kemur fram í keppnislýsingunni. Gert er ráð fyrir áningarstað á Geirsnefi í tengslum við stígana. Ekki er sýnd nákvæm staðsetning fyrir áningarstað heldur er það hluti af samkeppninni að velja nákvæma stað-setningu áningarstaðar innan samkeppnissvæðis. Sett er inn á deiliskipulagsuppdrátt merking fyrir áningarstað en staðsetningin er ekki bindandi.




**SKÝRINGARMYNDIR FYRIR BRÚARMANNVIRKI** (ekki í mælikvarða)

eystri kvísl




vestari kvísl




Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024

Loftmynd - núverandi aðstæður við Geirsnef

## SKÝRINGAR

- Afmörkun skipulagssvæðis
- Áætluð brúarmannvirki
- Nýr stígur f. gangandi br. 3,0m
- Nýr stígur f. hjólandi br. 2,5m
- Núverandi stofnstígar
- Áningastaður
- Ár og vötn
- Vegir
- Núverandi húsnæði
- Lóðamörk

**Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í**

Borgarráði þann 16. feb. 2012 og á embætta skipulagsstjóra þann 13. apríl 2012.

Tillagan var auglýst frá 22. feb. 2012 með athugasemdafresti til 4. apríl 2012.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2012.

**ELLIÐAÁRDALUR, GÖNGU– OG HJÓLABRÝR**
BREYTING Á DEILISKIPULAGI

| | |
|---|---|
| Mkv. | 1:3000 |
| Dags. | 04.01.2012 |
| Unnið af: | Björn Ingi Edvardsson /BIE |

**REYKJAVÍKURBORG**
Skipulags– og byggingarsvið

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími. 411-3000
skipulag@reykjavik.is